

Umhverfisstofnun
Áb. <u>5F</u>
<u>26 JAN. 2004</u>
<u>54.52</u>
Tilv. UST20031200123

UST

Umhverfisstofnun

Efnaháskólinn Þjóðveldisins fyrir Íslendingum

Stærðarprófessorat 23  
18-199 Reykjavík, Ísland

64-1540 000 2000  
64-1540 501 2010  
umhverfisstofnun@ust.is  
www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

23. janúar 2004

Tilvisun: UST20031200123/sf

### Vestfjarðavegur nr. 60, Bjarkalundur – Eyri í Reykhólahreppi, Austur-Barðastrandarsýslu. Tillaga að matsáætlun.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar, dags. 17. desember sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun ofangreindrar framkvæmdar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir.

#### Áhrifasvæði

Í tillögu að matsáætlun segir m.a.:

„*Ekki er hægt að afmarka áhrifasvæði framkvæmdarinnar á þessu stigi og verður hún ekki afmörkuð fyrr en ljóst er hvaða leið verður farin milli téðra staða. Hins vegar verður veghelgunarsvæðið 40-60 m breitt, 20-30 m til hvorrrar handar frá miðlinu vegar.*”

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt reglugerð nr. 671/2000 um mat á skal í matsáætlun m.a. vera uppdráttur af mögulegri staðsetningu framkvæmdar og áhrifasvæðis hennar, sbr. lið 2.c. í 13. gr. reglugerðarinnar. Að mati stofnunarinnar hefði því verið eðlilegt að afmarka áhrifasvæði þeirra valkosta sem til greina koma. Stofnunin bendir á að við skilgreiningu áhrifasvæðis er mikilvægt að ekki sé eingöngu horft til þess svæðis sem raskast við veglagninguna sjálfa heldur einnig tekið mið af landslagi og áhrifasvæði sjónrænna þátta.

#### Leiðaval

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að settar hafi verið fram hugmyndir um sex höfuðleiðir. Þremur þessara leiða hefur verið hafnað vegna kostnaðar, þ.e.

1. Leið A sem liggur um Reykjanes og yfir í Þorskafjörð frá Reykjanesi yfir í Skálanes og síðan með núverandi vegi inn Kollafjörð.
  2. Leiðum E og F þar sem gert er ráð fyrir jarðgöngum úr Gufufirði yfir í Kollafjörð.
- Umhverfisstofnun telur að valkostur A hefði verið fýsilegur kostur út frá náttúruverndarsjónarmiðum og æskilegt að fjallað verði um hann í matsskýrslu.

## Matsferli

Samkvæmt tillögu að matsáætlun hafa rannsóknir vegna vinna við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar nú þegar að mestu leyti farið fram. Í kafla 5.3 í tillögu að matsáætlun segir m.a.:

*„Framkvæmdaraðili ákvað, að öll sú gagnaöflun í mörkinni, sem talin var nauðsynleg til að rannsaka og meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, færð fram vor, sumar og haust 2003.“*

Einnig segir í matsáætlun að komi í ljós við matsgerðina að einhverjar rannsóknir vanti, sem ekki er hægt að vinna fyrr en sumarið 2004, muni framlögn skyrslunnar dragast sem því nemur.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum skal framkvæmdaraðili, vegna framkvæmda sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum, leggja fram tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar eins snemma á undirbúningsstigi framkvæmdar og kostur er, þ.e. þegar meginþættir framkvæmdar eru orðnir það ljósir að hægt sé að fá yfirlit yfir fyrirhugaða framkvæmd, áhrifasvæði og helstu áhersluþætti matsvinnunar. Í tillögu að matsáætlun skal skv. lið 3.c. m.a. koma fram í matsáætlun „lysing á því hvernig fyrirhugað er að standa að mati á umhverfisáhrifum, s.s. um gagnaöflun, rannsóknarsvæði, tímasetningu athugana, tíðni mælinga, úrvinnslu gagna, aðferðir við mat og framsetningu niðurstaðna.“

Umhverfisstofnun telur að með hliðsjón af ofansögðu sé gerð matsáætlunar fyrir Vestfjarðarveg nr. 60, Bjarkalund – Eyri, ekki samræmi við fyrrgreinda reglugerð. Stofnunin telur að matsáætlun beri að leggja fram áður en rannsóknir hefjast, eða a.m.k. áður en þeim er lokið, enda er umsagnaraðilum m.a. ætlað koma á framfæri ábendingum um hvort upplýsingar í tillögu að matsáætlun teljist fullnægjandi hvað varðar gagnaöflun, úrvinnslu gagna, mati á umhverfisáhrifum og framsetningu mats í matsskýrslu, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun vill taka fram að með framangreindri athugasemd er ekki verið að gagnrýna þær rannsóknir sem farið hafa fram heldur hversu seint matsáætlun fyrir framkvæmdina er lögð fram.

## Leyfi til framkvæmda

Í tillögu að matsáætlun segir m.a.: „Ennfremur þarf umsögn Breiðafjarðarnefndar (lög nr. 54/1995) og heimild Umhverfisstofnunar (lög nr. 164/2002), ef nauðsynlegt verður að raska fjörum eða þvera firði.“

Umhverfisstofnun telur ofangreint orðalag ónákvæmt. Stofnunin bendir á að samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, ásamt síðari breytingum, þarf leyfi Umhverfisstofnunar til mannvirkjagerðar á því landsvæði sem um getur í 2. gr. laganna ef framkvæmdin er ekki í samræmi við samþykkta skipulagsáætlun. Breiðafjarðarnefnd er umhverfisráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd fyrrgreindra laga og skal í starfi sínu m.a. gæta samráðs við Umhverfisstofnun.

## Rannsóknir og framsetning gagna

Umhverfisstofnun telur að í tillögu að matsáætlun fyrir Vestfjarðarveg nr. 60 sé ekki gerð nægjanleg grein fyrir því hvernig staðið var að gagnaöflun í þeim rannsóknum sem farið hafa fram né hvernig úrvinnslu gagna verður háttað. Ekki koma fram fullnægjandi upplýsingar um rannsóknarsvæði, tímasetningu athugana, tíðni mælinga aðferðir við mat og framsetningu niðurstaðna, sbr. lið 3.c. í reglugerð nr. 671/2000. Þetta á við um alla liði hér að neðan.

### **Jarðfræði**

Í kafla 5.3.2 í tillögu að matsáætlun segir m.a. að framkvæmdarsvæðið verði skoðað með tilliti til jarðmyndana. Fram kemur að í matsskýrslu verður fjallað almennt um jarðfræði svæðisins svo og um merkar og/eða sjaldgæfar jarðmyndanir, er kunna að finnast á framkvæmdasvæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er ljóst hvað átt er við með framkvæmdarsvæði þar sem það er ekki skilgreint. Jafnframt bendir stofnunin á að jarðfræði og jarðmyndanir eru ekki meðal þeirra þátta í náttúrufari sem nefnd eru í kafla 6, *Mat á umhverfisáhrifum – vinsun*, og fyrirhugað er að fjalla um áhrif á í mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað verði með sambærilegum hætti um jarðfræði og jarðmyndanir á öllum þeim leiðum sem til greina koma varðandi val á vegstæði svo hægt sé að meta og bera saman umhverfisáhrif þeirra með fullnægjandi hætti. Fjalla verður um hvaða forsendur eru lagðar til grundvallar mati á verndargildi jarðmyndana og sýna á korti þau svæði sem hafa verndargildi. Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að fjalla verður sérstaklega um það hvort á svæðinu er að finna jarðmyndanir sem falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

### **Gróðurfar**

Umhverfisstofnun telur að í matsáætlun ætti að útlista nánar hvaða gögn er um að ræða varðandi gróður, s.s. umfang rannsóknarsvæðis og mælikvarða gróðurkorta, og hvaða aðferðum verði/hafi verið beitt við rannsóknir á gróðurfari.

Í tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram að leið B fer í gegnum Teigsskógr í vestanverðum Þorskafirði, sem er einn stærsti samfelldi birkiskógrur á Vestfjörðum. Að mati Umhverfisstofnun hefur birkiskógrinn hátt verndargildi vegna þessa og þeirrar ástæðu að honum hefur ekki enn verið raskað með mannvirkjagerð. Skóglendið er á náttúruminjaskrá, sbr. svæði nr. 303 (Norðurströnd Þorskafjarðar og fjörur í Djúpafirði) en á svæðinu segir m.a.: „*Péttur skógur og gott sýnishorn af landslagi við norðanverðan Breiðaffjörð.*” Benda má á að samkvæmt 39. gr. laga um náttúruvernd skal Umhverfisstofnun ásamt Skógrækt ríkisins, vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskógum til útvistar og telur stofnun því rétt að þeim sé ekki raskað með mannvirkjagerð í náttúrulegum birkiskógum nema brýna nauðsyn beri til.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í stefnumörkun stjórnvalda í sjálfbærri þróun til ársins 2020 (*Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi*) er eitt þeirra markmiða sem lagt er fram um vernd lífríkis Íslands að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands. Í leiðir að markmiðum segir m.a.: „*Áhersla verði á að vernda þær vistgerðir sem hefur verið raskað hvað mest á grunni vinnu við að skilgreina og kortleggja vistgerðir á Íslandi. Forgangsmál í því sambandi eru m.a. votlendi og birkiskógar.*”

Umhverfisstofnun telur því að gera verði ítarlega grein fyrir verndargildi og sérstöðu birkiskógarins, sem og áhrifum fyrirhugaðrar vegagerðar á birkiskógin og verndargildi hans. Við mat á áhrifum framkvæmdarinnar þarf að hafa í huga að með lagningu vegarins er opnað fyrir umferð inn á svæðið og þar með hugsanlega fyrir ásókn inn á það til uppbyggingar sumarhúsa.

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að innst á leið C er vöxtulegur birki- og víðiskógr og jafnframt að á leið D sé að mestu um að ræða lyngmóa og lágvaxið kjarr og hrís. Gera verður fulllnægjandi grein fyrir áhrifum þessara leiða á birki vaxin svæði, sbr. ábendingar hér að framan um leið B.

Í tillögu að matsáætlun segir m.a. að fundarstaðir fjögurra tegunda, sem eru á válista, séu í grennd við framkvæmdarsvæðið.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur nánar fram í matsáætlun hvað átt er við með framkvæmdarsvæði enda er það ekki skilgreint nánar. Ekki kemur fram á hvaða leið/leiðum þessar tegundir er finna. Stofnunin telur mikilvægt að í umfjöllun um gróður í matsskýrslu komi skýrt fram hvar sjaldgæfar tegundir eða tegundir á válista er að finna á þeim leiðum sem fyllað er um í skýrslunni. Æskilegast væri að afmarka á korti fundarstaði þessara tegunda.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að gert verði gróðurkort fyrir allar þær leiðir sem fjallað verður um í matsskýrslunni.

Í tillögu að matsáætlun segir m.a.:

*„Allir þeir staðir þar sem frávik eru mikil, verða skoðaðir sérstaklega eins og í vestanverðum Hjallahálsi, umhverfis Skálanes og í Þorskafirði, fitjar og flæðimýrar í botnum Djúpafjarðar og Gufufjarðar.“*

Umhverfisstofnun telur óljóst hvað átt er við með orðalaginu „þar sem frávik eru mikil“.

### Fjörur

Í tillögu að matsáætlun segir m.a. að til séu mjög góðar upplýsingar um fjörur og leirur í Þorskafirði, Djúpafirði og Gufufirði og er þar vísað til skýrslu Agnars Ingólfssonar frá 1976, *Forkönnun á lifríki Gilsfjarðar, Þorskafjarðar, Djúpafjarðar, Gufufjarðar og nærliggjandi fjarða*. Þar segir einnig: „*Til viðbótar verða fjörur skoðaðar þar sem fyrirhugaðar leiðir hafa mest áhrif.*“

Umhverfisstofnun telur að gera hefði átt grein fyrir í hverju ofangreindar rannsóknir Agnars Ingólfssonar fólust, hvaða aðferðum var beitt við rannsóknirnar og hver var afmörkun rannsóknasvæða. Þá kemur ekki fram hvernig staðið verður að þeim viðbótarannsóknum sem fyrirhugaðar eru. Stofnunin bendir enn fremur á að ekki er greint frá þeim rannsóknum sem nú þegar hafa farið fram en í kaflanum um gögn og heimildir er m.a. vísað til rannsókna Náttúrustofu Vestfjarða um fjörurannsóknir í Kolla-, Gufu-, Djúpa- og Þorskafirði.

Umhverfisstofnun bendir á við að umfjöllun um áhrif á fjörur á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði verður að taka mið af því að fjörur í innri hluta Breiðafjarðar falla undir lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar og jafnframt eru fjörur í Djúpafirði á náttúrumínaskrá (svæði nr. 303). Um fjörur í Djúpafirði segir í náttúrumínaskrá: „*Víðlendar og lifauðugar fjörur með miklu fugalífi.*“

### Fuglalíf

Í umfjöllun um fuglalíf er ekki tilgreint hvaða rannsóknir hafa farið fram en í kafla um gögn og heimildir er m.a. vitnað til fuglaathugana Náttúrustofu Vestfjarða í Kolla-, Gufu-, Djúpa- og Þorskafirði. Þá kemur ekki fram hvaða upplýsingar liggja fyrir um fugla og fjörur í Gilsfirði, Kollafirði, Skálmafirði o.fl. né hvaða skýrsla liggur um fjörurannsókn í þessum fjörðum.

Í tillögu að matsáætlun kemur m.a. fram að á svæðinu eru margskonar búsvæði fyrir fugla og fuglalíf því fjölbreytt. Einnig kemur fram að það fjarri langt út í fjörðunum og leirurnar þar því gjöfular. Umhverfisstofnun bendir á að gera verður grein fyrir á hvaða svæðum fuglalíf er fjölbreyttast og hvar mikilvægustu búsvæði fugla er að finna. Benda má á að Breiðafjörður er á skrá alþjóða fuglaverndarsamtakanna Birdlife International yfir alþjóðlega mikilvæg

fuglasvæði.

Í tillögu að matsáætlun segir m.a. að arnarvarp sé á svæðinu og verði það athugað. Umhverfisstofnun bendir á að haförn er á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands sem tegund í hættu. Stofnunin telur að gera verði þá kröfu að framkvæmdin raski ekki varpstöðvum arna eða liggi of nærrí þeim enda hefur íslenski arnarstofninn átt undir högg að sækja og er á válista. Stofnunin bendir jafnframt á að gera verður grein fyrir hvort aðrar tegundir á válista er að finna á hugsanlegum vegstæðum og þá hvar búsvæði þeirra er að finna. Einnig þarf að gera grein fyrir hvort og þá hvar fuglalíf er fjölbreytt eða sérstakt að öðru leyti.

### **Straumvötn**

Umhverfisstofnun bendir á að í kaflanum um straumvötn er ekki fjallað um tilhögun þeirra rannsókna sem þegar hafa farið fram, sbr. heimildaskrá. Vísað er til athugasemda í kaflanum um rannsóknir og gögn hér að framan.

### **Þverun fjarða**

Á öllum þeim leiðum sem kynntar eru í tillögu að matsáætlun og taldar eru koma til greina er gert ráð fyrir þverun fjarða, þar sem ávallt er gert ráð fyrir þverun Gufufjarðar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að gerð verð ítarleg grein fyrir forsendum útreikninga á vatnsskiptum en í matsskýrslu kemur fram að brúarlengdir í hugsanlegum fjarðarþverunum muni miðast við óbreytt vatnsskipti. Jafnfram þarf að gera grein fyrir hvort hugsanlegt sé að framkvæmdir geti haft áhrif á sjávarhæð eða straumhraða í viðkomandi fjörðum. Gera verður sérstaka grein fyrir hugsanlegum áhrifum á leirur og lífríki þeirra.

### **Efnistaka**

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að gerð verði grein fyrir efnistöku, s.s. staðarvali og efnismagni m.t.t. til áhrifa á náttúrufar, jarðmyndanir og sjónræna þætti. Jafnframtelur stofnunin að sérstaklega skuli gerð grein fyrir áætlunum um frágang að framkvæmdum loknum ef opna þarf nýjar námur vegna framkvæmdanna sbr. 48. og 49. gr. laga nr 44/1999 um náttúruvernd. Í því sambandi má einnig benda á að í VI. kafla laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, sem fjallar um efnistöku, kemur fram að leita skuli umsagnar Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi náttúruverndarnefnda áður en veitt er framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku.

### **Mat á umhverfisáhrifum - vinsun**

Í kafla 6, *Mat á umhverfisáhrifum - vinsun*, segir að fjallað verði um áhrif framkvæmdarinnar til skemmri og lengri tíma á náttúrufar, þ.e. gróðufar, fuglalíf, lífríki fjörusvæða og vatnafar svæðisins. Umhverfisstofnun bendir á að auk áhrifa á framangreinda þætti verður í matsskýrslu að fjalla um áhrif framkvæmdarinnar eftirtalda þætti:

1. Náttúruminjar, sbr. skilgreiningu laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Sýna verður á korti afmörkun friðlýstra svæða og svæða á náttúruminjaskrá og lýsa áhrifum framkvæmda á þessi svæði. Fjalla verður sérstaklega um áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.
2. Jarðfræði svæðisins og jarðminjar, sbr. ábendingar hér að framan.
3. Áhrif á landslag og sjónræna þætti. Í matsskýrslu ætti að sýna með myndum sjónræn áhrif framkvæmdarinnar, ekki síst þar sem gert er ráð fyrir þverun fjarðar.

Í kafla 6 í tillögu að matsáætlun segir m.a. að fjallað verði um áhrif náttúrufars á rekstur mannvirkisins. Einnig að fjallað verði um efnismál, einkum um námur, skeringar og jarðrask

og áhrif þeirra á val vegstæðis. Umhverfisstofnun telur óljóst með hvaða hætti náttúrufar hefur áhrif á rekstur mannvirkis og hvernig ofangreindir þættir varðandi efnisval hafa áhrif á val vegstæðis.

### Mótvægisaðgerðir

Koma verður fram í matsskýrslu hvort ástæða er til að grípa til mótvægisaðgerða til að draga úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar og þá í hverju þær aðgerðir eru fólgnar.


Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í umfjöllun um mótvægisaðgerðir verði eingöngu tilgreindar aðgerðir sem raunverulega teljast til þeirra, en ekki tíundaðar aðgerðir sem eru eðlilegur hluti framkvæmdarinnar sjálfrar eða áskildar skv. gildandi lögum og reglum, s.s. að draga úr jarðraski eins og kostur er, takmarka skilgreint framkvæmdasvæði og ganga frá efnistökusvæðum í samræmi við lög um náttúruvernd.

### Vöktunaráætlun


Í matsskýrslu þarf að leggja fram vöktunaráætlun ef þörf er talin á að fylgjast með áhrifum framkvæmdarinnar á tiltekna þætti.

Umhverfisstofnun biðst velvirðingar á því hversu lengi hefur dregist að svara erindi Skipulagsstofnunar.

Virðingarfyllst,



Sigurðr Þorsteinsdóttir



Helgi Jepsson  
Forstöðumaður framkvæmda-  
og eftirlitssviðs